

Árið 2014, mánudaginn 20. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af héraðsdómurinum Guðjóni St. Marteinsyni, sem dómsformanni, og Halldóri Björnssyni og Ásgeiri Brynjari Torfasyni lektor, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-22/2014: Ákærvaldið gegn Sigurjóni Þorvaldi Árnasyni og Sigríði Elínu Sigfúsdóttur en málið var dómtekið 24. september sl.

Málið er höfðað með ákæru sérstaks saksóknara, dagsettri 17. janúar 2014, á hendur:

„Sigurjóni Þorvaldi Árnasyni, kt. 000000-0000,

[...]

og

Sigríði Elínu Sigfúsdóttur, kt. 000000-0000,

[...]

fyrir umboðssvik, með því að hafa í störfum sínum fyrir Landsbanka Íslands hf., kt. 000000-0000, Austurstræti 11, Reykjavík (hér eftir Landsbankinn), ákærði Sigurjón sem bankastjóri og ákærða Sigríður Elín sem framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs, bæði meðlimir í Lánanefnd bankans, misnotað aðstöðu sína og stefnt fé bankans í verulega hættu, með því að fara út fyrir heimildir til veitingar ábyrgða, er þau í sameiningu:

1) Samþykktu og undirrituðu fyrir hönd Landsbankans, sjálfskuldarábyrgðir Landsbankans á lánsamninga Kaupþings banka hf. (hér eftir Kaupþing), dagsetta 4. júlí 2006:

a. við félagið Empennage Inc., skráð á Panama, að fjárhæð 2.500.000.000 króna, en lán Kaupþings til félagsins var tryggt með veði í hlutabréfum í Landsbankanum að nafnvirði 122.550.000 krónur. Lánið var á gjalddaga 30. júní 2007.

b. við félagið Zimham Corp., skráð á Panama, að fjárhæð 4.300.000.000 króna, en lán Kaupþings til félagsins var tryggt með veði í hlutabréfum í Landsbankanum að nafnvirði 210.800.000 krónur. Lánið var á gjalddaga 30. júní 2007.

Ábyrgðirnar voru veittar án utanaðkomandi trygginga. Ákærðu afgreiddu ábyrgðirnar á milli funda Lánanefndar Landsbankans og bókað var um þá afgreiðslu í fundargerð Lánanefndar 5. júlí 2006 og aftur 12. júlí 2006. Ákvörðunarblöð um veitingu ábyrgðanna voru staðfest af ákærðu Sigríði Elínu og Davíð Björnssyni, aðstoðarframkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs Landsbankans 7. júlí 2006 og ákærða Sigurjóni 12. júlí 2006, þ.e. eftir veitingu ábyrgðanna.

2) Samþykktu og undirrituðu fyrir hönd Landsbankans, sjálfskuldarábyrgð Landsbankans á lánsamning Kaupþings, dagsettan 29. júní 2007, við félagið Empennage Inc., að fjárhæð 6.800.000.000 króna, en lánið var á gjalddaga 30. júní 2008. Ábyrgðin var veitt án utanaðkomandi trygginga.

Ákærðu bundu Landsbankann við sjálfskuldarábyrgðina án þess að veiting hennar væri lögð fyrir Lánanefnd Landsbankans og án þess að fyllt væri út og staðfest ákvörðunarblað um veitingu ábyrgðarinnar. Greint lán frá Kaupþingi var bundið því skilyrði að andvirði þess yrði varið til uppgreiðslu á lánum, sem vísað er til í lið 1. Lán Kaupþings til Empennage Inc. var tryggt með veði í öllum verðmætum á vörslureikningi nr. 329-26-484354, á hverjum tíma, en við veitingu ábyrgðarinnar voru á vörslureikningnum hlutabréf í Landsbankanum að nafnverði 223.684.211 krónur.

Veiting sjálfskuldarábyrgðanna skv. 1. og 2. lið braut í bága við lánareglur Landsbankans frá árinu 2003 og almennar útlána- og áhættureglur bankaráðs Landsbankans frá árinu 2005.

Sjálfskuldarábyrgðirnar voru veittar vegna lánveitinga Kaupþings til kaupa félaganna Empennage Inc. og Zimham Corp. á hlutabréfum í Landsbankanum. Greind félög höfðu gert valréttarsamninga við Landsbankann í tengslum við veitingu kaupréttar til starfsmanna Landsbankans. Samkvæmt valréttarsamningunum voru félögin skuldbundin til að selja Landsbankanum bréfin til baka á ákveðnu tímabili á fyrirfram ákveðnu gengi.

Kaupþing sendi innheimtuviðvörðun til Empennage Inc., dags. 10. ágúst 2009 og gekk í framhaldinu, 7. október 2009, að innstæðu á handveðsettum vörslureikningi, samtals 862.922 krónur, en fékk að öðru leyti ekkert greitt upp í kröfur sínar á hendur félaginu. Þá lýsti Kaupþing kröfu í bú Landsbankans, 30. október 2009, að fjárhæð samtals 10.026.184.261 króna á grundvelli sjálfskuldarábyrgðar Landsbankans á framangreindum lánveitingum. Slitastjórn Landsbankans hafnaði kröfunni á grundvelli vanreifunar og er krafan í ágreiningsferli.

Brot ákærðu varða við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Verjandi ákærða Sigurjóns Þorvaldar krefst aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa og að refsivist, ef dæmd verður, verði skilorðsbundin. Þess er krafist að sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun að mati dómsins fyrir vinnu undir rannsókn málsins og dómsmeðferð.

Verjandi ákærðu Sigríðar Elínar krefst aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa og að refsivist, ef dæmd verður, verið skilorðsbundin. Þess er krafist að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun að mati dómsins.

Upphaf máls þessa má rekja til kæru Fjármálaeftirlitsins til sérstaks saksóknara, dagsettrar 2. desember 2010. Kæran er sögð vegna „meintrar markaðsmisnotkunar með hlutabréf í Landsbanka Íslands hf.“ eins og segir í inngangi kærunnar. Í kærinni segir að Fjármálaeftirlitið „kærir hér með Landsbanka Íslands hf. og eftirfarandi fyrrverandi starfsmenn Landsbankans: A, framkvæmdastjóra [tiltekinna sviða]; B, forstöðumann [tiltekins sviðs] og eftir atvikum aðra aðila...“. Í kærinni er tafla þar sem aðrir aðilar sem tengjast málinu er taldir upp. Nöfn níu einstaklinga eru á listanum, þar á meðal nafn ákærða Sigurjóns Þorvaldar. Nafn ákærðu Sigríðar Elínar er ekki á listanum. Kæra Fjármálaeftirlitsins er mjög umfangsmikil og lýtur einkum að markaðsmisnotkun eins og fram kemur í upphafi en einnig er vikið að nokkrum öðrum hugsanlegum brotum. Þá segir í kærinni: „Þá telur Fjármálaeftirlitið vert að kanna hvort framangreindar lánveitingar og sjálfskuldarábyrgðir geti fallið undir 249. gr. hgl um umboðssvik.“

Í niðurlagi kærunnar segir: „Fjármálaeftirlitið telur atvik málsins benda til þess að um kerfisbundna og ítrekaða markaðsmisnotkun hafi verið að ræða og að kæra beri málið til embættis sérstaks saksóknara, sbr. 2. mgr. 148. gr. vvl. og 1. gr. laga nr. 135/2008.“

Eftir þetta fór fram umfangsmikil rannsókn hjá embætti sérstaks saksóknara. Teknar voru skýrslur af fjölda manns, þar á meðal ákærðu. Viðskýrslutökur báðum ákærðu hjá lögreglu hafa bæði neitað sök frá upphafi. Er framburður þeirra hjá lögreglu efnislega á sama veg og framburður þeirra fyrir

dómi.

Þar sem rannsóknin beindist að langmestu leyti að öðru sakarefni en því sem í ákæru greinir þykir, eins og á stendur, ekki þörf á því að rekja gang hennar frekar en vísað verður til hennar ef ástæða þykir.

Nú verður rakinn framburður ákærðu og vitnisburður fyrir dómi.

Ákærði Sigurjón Þorvaldur neitar sök. Hann var annar bankastjóra Landsbankans Íslands á þeim tíma sem í ákæru greinir og kvaðst hann hafa unnið samkvæmt ákveðnu skipulagi er sneri að kaupréttarkerfi starfsmanna bankans sem hafi verið komið á á árinu 2000 er bankinn var ríkisbanki og þá samþykkt af bankaráði. Hann kvað aðalhöfund þess kerfis hafa verið Gunnar Andersen sem síðar varð yfirmaður Fjármálaeftirlitsins. Ákærði skýrði hvernig kaupréttarkerfi bankans virkaði. Hann kvað bankann hafa metið það svo er hann veitti starfsmönnum kauprétt að nauðsynlegt væri fyrir bankann að tryggja sig og að hafa aðgang að hlutabréfum í bankanum til að geta afhent starfsmönnum. Tryggingin hafi verið fölginn í því að hafa aðgang að hlutabréfum í bankanum á föstu verði svo að ekki þyrfti að taka áhættuna af hækkun hlutabréfanna og einnig svo að ekki þyrfti að gefa út ný hlutabréf sem of litlir peningar fengjust fyrir yrðu þau afhent starfsmönnum í samræmi við kaupréttarfyrikomulagið. Hann kvað tvær leiðir færar til að tryggja bankann fyrir þessu. Önnur hafi verið sú að bankinn keypti hlutabréf og ætti sjálfur. Hin leiðin hafi verið sú að kaupa sambærilega kauprétti af þriðja aðila. Ákærði skýrði hvernig staðið var að þessu í bankanum frá árinu 2000 en frá þeim tíma fjármagnaði Landsbankinn félög sem keyptu hlutabréf í bankanum en jafnframt var gerður samningur við viðkomandi félag þar sem kveðið var á um afhendingu hlutabréfanna á þeim tíma sem bankinn þurfti á að halda til að efna kaupréttarsamninga bankans við starfsmenn. Fyrir þetta greiddi bankinn gjald sem endurspeglaði allan kostnað félaganna við að fjármagna sig og annan rekstur. Ákærði kvað félögin sem um ræðir hafa fjármagnað sig hjá Landsbankanum frá árinu 2000 er kaupréttarfyrikomulaginu var komið á á árinu 2000. Hann kvað þann háttinn hafa staðið allt til áramóta 2005/2006 er upp kom umræða um að rétt væri að fjármagna þetta utan bankans. Ákærði kvaðst þá hafa kannað þetta meðal annars hjá Kaupþingi banka. Niðurstaða þess varð sú að Kaupþing banki var reiðubúinn að fjármagna félögin sem í ákæru greinir gegn ábyrgð Landsbankans. Ákærði kvað niðurstöðuna hafa verið þá að engin breyting varð á áhættu Landsbankans vegna þessa. Ákærði lýsti því og vísaði til gagna málsins um að áður en kom til ábyrgðaveitinganna, sem í ákæru greinir, hefði Landsbankinn veitt 17 lán, sambærileg þeim sem Kaupþing banki veitti og lýst er í ákærinni. Í þeim tilvikum öllum hefði Landsbankinn tekið alla áhættuna eins og ákærði bar. Hann kvað því undarlegt að sæta ákæru fyrir það eitt að reyna að koma fjármögnun vegna þessa út úr bankanum, sem hann gerði. Hann skýrði ávinning bankans af framvirkum varnarsamningum miðað við tiltekið gengi hlutabréfa í Landsbanka Íslands, annars vegar miðað við 30. júní 2006 og hins vegar miðað við 30. júní 2007. Kvað hann ávinninginn verulegan og lýsti því og skýrði með útreikningum sínum. Hann kvað í þessu ljósi ótrúlegt að sitja nú undir ákæru vegna þessa þrátt fyrir að hafa skýrt þetta hjá lögreglu.

Varðandi millifundarsamþykktir vísaði ákærði til samantektar sem liggur fyrir. Þar kemur fram að á árinu 2006 hafi lánanefnd Landsbankans afgreitt 1279 lánasamþykktir. Málin skiptist þannig að 648 lán voru afgreidd á fundi lánanefndar en 631 mál á milli funda. Í ákæru sé gefið í skyn að afgreiðsla málsins milli funda hafi ekki verið samkvæmt reglum bankans. Ákærði hafnaði því og benti á að þær 17 afgreiðslur lána til félaga vegna kaupréttar sem vísað var til að ofan hafi allar verið millifundasamþykktir og því sé að hans mati einkennilegt að sambærileg afgreiðsla nú hafi verið andstæð reglum bankans eins byggt sé á í ákæru.

Ákærði lýsti því að fyrir endurfjármögnun lána Empennage og Zimham um mánaðamótin júní/júlí 2007 hafi áhætta Landsbankans gagnvart þessum tveimur félögum verið þannig að bankinn var í ábyrgð að fjárhæð 6,8 milljarðar króna gagnvart Kaupþingi vegna félaganna. Auk þess hafi bankinn verið með fjármögnum upp á rúma 4,5 milljarða króna gagnvart sömu félögum. Á þessum tíma hafi verið reynt að endurfjármagna félögin til að minnka áhættu Landsbankans. Tekist hafi að fjármagna Zimham í Glitni og Empennage hafi tekið yfir skuldbindingar Zimham innan Kaupþings. Ákærði kvað áhættu Landsbankans fyrir endurfjármögnunina hafa verið rúma 11,3 milljarða króna en eftir hana hafi hámarks áhætta bankans verið 6,8 milljarðar króna en gæti í raun verið tæpir 6 milljarðar króna vegna rúmlega 800 milljóna króna sem voru á reikningi Empennage í Landsbankanum. Heildaráhætta bankans hafi þannig lækkað um meira en 5 milljarða króna að sögn ákærða. Hann kvað samningana við félögin sem um ræðir hafa verið unna þannig að félögin hafi ekki getað hagnast og skýrði hann þetta nánar. Nefndi ákærði í þessu sambandi ákvæði samninganna um það að ákveði starfsmenn að sækjast ekki eftir því að kaupa hlutabréf í bankanum þá kveði samningarnir á um það að bankinn eigi að fá nettó ávinningi af hlutabréfunum ef einhver er. Þá kveði samningarnir einnig á um það að bankinn eigi ekki að greiða neitt ef tap myndast. Ákærði var annars bankastjóra Landsbankans á árinu 2006 til 2008 og formaður lánanefndar. Hann lýsti rétti sínum til bónusgreiðslna og þá kvaðst hann hafa átt kauprétti sem hann innleysti aldrei.

1

Ákærði kvað kaupréttarsamninga hafa verið gerða árlega. Á þeim tíma sem í ákæru greinir höfðu bæði innri og ytri endurskoðendur bankans fært í tal að heppilegra væri, en ekki nauðsynlegt, að fjármögnun vegna þessa ætti sér stað utan bankans. Ákærði kvað þetta ástæðu þess að hann leitaði til Kaupþings banka eins og rakið var að framan. Úr varð að Landsbankinn tókst á hendur ábyrgðirnar sem í ákæru greinir. Í kjölfari hafi farið af stað vinna innan bankans til að koma þessu fyrirkomulagi á. Aðrir starfsmenn bankans hafi unnið málið og ákærði ekki komið að því fyrr en með undirritun um samþykki 12. júlí 2006 á fundi lánanefndar bankans. Ákærði endurtók það sem rakið er að framan um tilganginn með þessu fyrirkomulagi en hann var sá að minnka áhættu bankans af kaupréttarsamningum við starfsmenn.

Borin voru undir ákærða ákvörðunarblöð, dagsett 4. júlí 2006, vegna ábyrgðanna sem í 1. lið ákæru greinir. Ákærði staðfesti undirritun sína á bæði blöðin þótt hann væri ekki viss um að undirritunin hefði átt sér stað 12. júlí 2006 eins og skjölin bera með sér, og skýrði hann hvers vegna hann teldi þetta. Hann kvað undirritun sína á ákvörðunarblaðið hafa verið staðfestingu þess sem

meðákærða Sigríður Elín og Davíð Björnsson höfðu ákveðið 7. júlí 2006. Undirritun sín 12. sama mánaðar hafi líklega átt sér stað á lánanefndarfundum og skýrði hann það. Hann kvað þann hátt hafa verið algengan að hafi vitað af tiltekinni ákvörðun eins og þeirri sem hér um ræðir og hann hafi síðan staðfest hana með áritun sinni síðar, allt eins og reglur bankans kveði á um. Hann kvað ekki hafa verið áskilnað um það í reglum bankans að uppáskriftir þyrftu allar að eiga sér stað sama dag. Ákærði tók fram að hann telji líklegast að ákvörðunarblöð hafi verið til staðar er mál félaganna sem um ræðir voru til afgreiðslu á lánanefndarfundum 5. júlí 2006 þótt lögreglan hafi ekki fundið blöðin og benti á ýmislegt sem hefði komið fram sem lögreglan hefði ekki fundið undir rannsókn málsins. Hann taldi þannig að ákvörðunarblöðin hefðu verið til en þau kynnu að hafa farist fyrir er ný ákvörðunarblöð voru útbúin, enda fremur sjaldgæft að sama mál komi tvisvar sinnum til afgreiðslu á lánanefndarfundum. Ástæða þess að þetta mál var tvisvar tekið fyrir hjá lánanefnd var sú að framlengingarheimildin vegna beggja ábyrgðanna var tekin fyrir og samþykkt á lánanefndarfundum 12. júlí 2006 en hana skorti á fundinum 5. sama mánaðar. Því hafi þetta í raun verið sama málið sem tekið var tvisvar sinnum fyrir á fundum lánanefndarinnar. Hann kvaðst hafa munað eftir framlengingarheimildinni á lánasamningnum samkvæmt ákærulið 1 og aðspurður hvort ábyrgðarveitingin samkvæmt lið 2 væri ný eða ekki kvaðst ákærði hafa rætt um 3% af hlutabréfum í bankanum er hann ræddi við Hreiðar Má bankastjóra Kaupþings banka um fjármögnunina. Ákærði kvaðst hafa vitað að 3% hlutabréfa í bankanum væri af stærðargráðunni 6 til 7 milljarðar króna. Hvort félagin sem um ræðir voru eitt eða tvö kvað hann ekki skipta máli.

Ákærði skýrði gerð og tilgang ákvörðunarblaða. Hann kvað lánanefndarfund geta veitt lán eða samþykkt ábyrgð án þess að mál hefði farið í eitthvert ákveðið ferli innan bankans og án þess að ákvörðunarblað lægi fyrir og skýrði hann þetta með vísan í lánareglur bankans.

Samkvæmt fundargerð lánanefndar bankans voru ábyrgðirnar teknar fyrir á fundum lánanefndar 5. og 12. júlí 2006. Ákærði kvað fyrirtökuna 12. júlí hafa verið til að bæta við framlengingarheimild vegna beggja ábyrgðanna til 30. júní 2008. Hann skýrði að hann hefði vitað allt um félagin tvö er hann ritaði undir ábyrgðir Landsbankans á lánunum. Hið sama ætti við um meðákærðu Sigríði Elínu og Davíð Björnsson. Bæði hafi vitað nákvæmlega hvert eðli félaganna var.

Spurður um form millifundasamþykktar kvað ákærði allar lánasamþykktir einhvers konar skjöl sem tveir þar til bærir starfsmenn bankans skrifuðu upp á. Hann kvað bankastjórana samþykkja reglurnar og þeir þyrftu ekki að bera þær undir bankaráðið. Hann kvað skýringuna meðal annars þá að það hafi verið skilyrði Fjármálaeftirlitsins er feðgarnir Björgólfur Thor og Björgólfur Guðmundsson kæmu ekki að lánamálum. Þess vegna var ekki í bankanum lánanefnd stjórnar eins og í öðrum bönkum. Bankastjórar Landsbankans hafi haft þetta allt á sinnu könnu. Þannig vísaði ákærði því á bug að hann hefði með samþykki ábyrgðarveitinganna brotið reglur bankans sem vísað er til í ákærinni. Þá vísaði ákærði til þess að mikill fjöldi mála hafi verið afgreiddur á milli fundum lánanefndar, bæði stór og smá. Nærri helmingur lánamála á árinu 2006 hafi verið afgreiddur með samþykktum milli fundum og svipað hlutfall á árinu 2007. Millifundasamþykktir hafi allar verið samþykktar á fundum lánanefndar. Aldrei hafi verið gerð athugasemd við þetta fyrirkomulag og ekki sé til ein einasta millifundasamþykkt sem ekki hafi verið staðfest með þessum hætti. Hann kvað ákærvaldið túlka reglur um

millifundasamþykktir á annan hátt en allir aðrir jafnt ákærðu og þeir aðilar sem höfðu með höndum eftirlit innan bankans með því að reglunum yrði fylgt. Ákærði kvað þannig engar takmarkanir að finna í lánareglum varðandi heimildir ákærðu til ákvarðana eins og hér um ræðir, enda komi undirritun á fundargerð lánanefndar frá öðrum bankastjóra og öðrum starfsmanni bankans eins og reglurnar kveði á um.

Aðspurður hvort ekki þyrfti að horfa til hagsmuna bankans kvað ákærði það augljóst og að það hafi verið gert og er vísað til þess sem ákærði bar áður um þetta og rakið var að framan sem og um hagnað bankans af vörnum sem ákærði kom á og lýst var. Ákærði kvaðst því aldrei haft annað að leiðarljósi í þessari vinnu sinni en hagsmuni bankans. Ákærði staðfesti undirritun samninganna en kvaðst ekki viss um það hvort hann hefði undirritað samningana 4. júlí 2006. Eins líklegt væri að hann hefði undirritað þá á fundi lánanefndar 5. júlí eða sama dag og lánið var greitt út.

Spurður um ástæðu þess hvers vegna ekki var farið fram á tryggingar vegna sjálfsskuldarábyrgðanna kvað ákærði þær liggja óbeint inni í félögunum þannig að ef reyndi á sjálfsskuldarábyrgð bankans þá fengi bankinn tryggingarnar, það er hlutabréfin í Landsbankanum frá Kaupþingi banka. Spurður um mat bankans á þessum undirliggjandi tryggingum, sem voru hlutabréfin í Landsbankanum, með hliðsjón af reglum bankans um heimildir til að meta hlutabréf sem tryggingar kvað ákærði reglurnar ekki eiga við þar sem það væri hlutverk lánanefndar að taka ákvarðanir eins og hún gerði í tilvikum þegar hlutfall hlutabréfa sem trygginga væri hærra en kveðið væri á um í reglum bankans, sem ættu við um aðra en lánanefndina, Hafi bankastjórnarnir tveir sett þessar reglur sem viðmið fyrir aðra starfsmenn sem höfðu útlánaheimildir. Hann lýsti sjónarmiðum sem höfð voru til hliðsjónar við lán bankans til eignarhaldsfélaga þar sem einu tryggingarnar voru hlutabréf og lýsti mun á þeim tilvikum og ábyrgðarveitingunni sem í þessu máli greinir, meðal annars með hliðsjón af greiðsluflæði til félaganna frá Landsbankanum vegna samninganna sem lýst er í ákæru.

2

Ákærði staðfesti undirritun sína á lánasamninginn sem hér um ræðir. Hann taldi hins vegar engar líkur á því að hann hefði undirritað samninginn 29. júní 2007 eins og samningurinn ber með sér. Hann skýrði hvers vegna hann var viss um þetta og taldi líklegt að hann hefði undirritað samninginn 2. júlí 2007.

Ákærði kvað þennan samning hafa verið ákveðna tegund framlengingar eða skuldbreytingar sökum þess að 6,8 milljarðar króna sem um ræðir voru aldrei greiddar út. Ákærði kvað fyrirgreiðslu Landsbankans gagnvart þessum tveimur félögum hafa numið rúmlega 11,3 milljörðum króna á þessum tíma. Þá hafi Zimham fengið rúmlega 5,7 milljarða króna að láni hjá Glitni banka sem notaðir voru til þess að greiða rúmlega 1 milljarðs króna skuld félagsins við Landsbankann og 4,8 milljarðar króna voru greiddir Empennage sem yfirtók þá lánið sem í ákærulið 1. greinir. Ákærði kvað áhættu Landsbankans vegna þessara tveggja félaga hafa minnkað um rúmlega 5,3 milljarða króna með þessari ráðstöfun og skýrði hann þetta meðal annars með útreikningum sem hann lagði fram. Ákærði kvaðst ekki vita hvort gerð voru ný ákvörðunarblöð vegna sjálfsskuldarábyrgðarinnar sem í þessum lið greinir. Hann kvaðst hafa gefið sér það að starfsmenn á fyrirtækjasviði bankans hefðu metið það svo að ekki þyrfti

ákvörðunarblöð er svona stæði á enda væri í raun um sama málið að ræða og samkvæmt ákærulið 1. Hann kvaðst ekki hafa komið að þeirri ákvörðun og taldi líklegt að einhver lögfræðinga bankans hefði komið að þeirri ákvörðun. Þá kvaðst hann ekki geta borið um það hvernig ábyrgðarveitingarnar voru skráðar hjá bankanum. Hann hafi ekki haft með það að gera. Hann kvaðst hafa samþykkt sjálfskuldarábyrgðina með það í huga að verið væri að endurfjármagna það sem um ræðir í ákærulið 1 auk þess sem verið hafi verið að losa bankann undan ábyrgð eins og rakið var að ofan um lækkun áhættu bankans um rúma 5,3 milljarða króna. Spurður um það hvort sjálfskuldarábyrgðin sem hér um ræðir væri ný ábyrgð kvað ákærði um framlengingu að ræða og er vísað til þess sem rakið var að ofan um þetta. Hann kvað þetta aldrei hafa verið rætt en hann kvaðst hafa samþykkt ábyrgðina þar sem hafi verið hagsmunir bankans.

Ákærði Sigurjón var spurður um ábyrgðarveitinguna samkvæmt þessum ákærulið með hliðsjón af grein 1.8 í útlánareglum bankans þar sem segir að líta skuli á skuldbreytingu sem nýja lánveitingu. Hann kvaðst hafa litið þannig á að tvær ábyrgðaveitingar hefði verið sameinaðar í eina. Hann kvað það ekki hafa verið sitt hlutverk að taka ákvarðanir um það hvort ákvörðunarblöð þyrfti eða ekki. Lögfræðingar bankans hafi annast það.

Ákærði kvað ábyrgðaveitinguna sem um ræðir alls ekki meiriháttar ávörðun eins og lýst er í 7. mgr. greinar 4.8.2.1 í útlánareglunum enda hafi áhætta bankans minnkað eins og fram hefur komið.

Ákærða Sigríður Elín neitar sök. Hún kvaðst hafa verið framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Landsbankans á árunum 2003 til 2008 og heyrði hún beint undir bankastjórana Halldór J. Kristjánsson og meðákærða Sigurjón. Hún lýsti starfsemi fyrirtækjasviðs sem var eitt af stærri sviðum bankans og kvað tugi lánamála hafa verið afgreidd þar daglega. Hún kvað alla sem tóku þátt í ákvörðunum um lánveitingar innan bankans, sama hvort um væri að ræða útibú bankans eða fagsvið eins og fyrirtækjasvið, hafa starfað eftir sérstökum lánareglum. Annað hafi hins vegar átt við um bankastjórana að hennar sögn. Þeir höfðu, eins og reglurnar beri með sér, heimild til að víkja frá þeim. Bankastjórarnir hafi tekið ákvarðanir um útlán eftir heimildum sem bankaráðið veitti þeim. Hún kvað lánamál sem voru umfram útlánaheimildir fyrirtækjasvið hafa verið borin upp í lánanefnd til ákvarðanatöku. Þar hafi bankastjórarnir tekið ákvarðanir saman eða ef annar var fjarverandi hafi staðgengill bankastjóra og ákærða komið í stað viðkomandi. Hún lýsti heimild til afgreiðslu mála milli funda og að það hafi verið gert með því að hafa samráð við annan bankastjórana. Gert var ráð fyrir því að formaður lánanefndarinnar, meðákærði Sigurjón, samþykkti millifundaákvörðun á formlegum fundi lánanefndar. Aðrir staðfestu fundargerð þar sem millifundasamþykktir voru teknar fyrir í lánanefnd undir sérstökum dagskrárlið. Þessi háttur hafi verið hafður á við samþykki ábyrgðaveitinganna til Kaupþings banka sem í ákæru greinir. Hún kvað millifundasamþykktir þannig hafa verið teknar fyrir á vikulegum fundum lánanefndar allan starfstíma hennar í bankanum, allt í samræmi við lánareglur bankans. Hún kvaðst ekki hafa vitað af neinum athugasemdum við þetta vinnulag, hvorki frá eftirlitsaðilum innan bankans né utan hans, en mikill málafjöldi hafi verið afgreiddur á sama hátt.

Hún kvað veðtöku og veðhlutföll sem vísað er til í lánareglum hafa átt við um almenna lánveitendur innan bankans en lánanefnd hafði heimild til að víkja frá þeim viðmiðunum og voru fjölmörg dæmi þess. Er ábyrgðirnar vegna félagana Empennage og Zimham voru veittar voru félögin nýstofnuð. Tilgangur félaganna var sá að halda utan um hlutabréf í Landsbankanum sem ætluð voru til að efna kauprétt sem samið hafði verið um við starfsmenn bankans. Hún kvað mikilvægt að bankinn gæti varið sig gegn breytingum á gengi hlutabréfanna á samningstímanum og dregið úr fjárhagslegri áhættu bankans. Hún lýsti því að fyrirkomulag varðandi lánveitingar til félaganna vegna kaupréttar starfsmanna hafi verið til staðar í bankanum er hún hóf þar störf. Hún kvaðst telja að lánveitingarnar og einnig sjálfskuldarábyrgðirnar sem hér um ræðir hefði verið beint og eðlilegt framhald af ákvörðun bankaráðs og bankastjórnar um að veita starfsmönnum kauprétt á hlutabréfum á fyrirfram umsömdu gengi. Hún kvað sjálfsskuldarábyrgðina vera með undirliggjandi tryggingu sem bankinn hefði haft aðgang að ef reyndi á ábyrgð bankans og einnig stóðu væntingar til þess að ábyrgðinni yrði unnt að aflétta síðar.

Um framlengingu ábyrgðanna, sbr. ákærulið 2, taldi hún að litið hefði verið þannig á að framlengingarheimildin á upphaflegu samþykktinni 12. júlí 2006 tæki yfir hana. Auk þess vísaði ákærða til breytingar á tilkynningu og staðfestingu utanfundasamþykktá lánanefndar, dags. 20. desember 2004, þar sem segir að ekki þyrfti að gera grein fyrir framlengingu að tilteknum skilmálum uppfylltum.

Ákærða kvað aldrei hafa hvarflað að sér að með veitingu ábyrgðanna væri hún að brjóta gagn hagsmunum bankans, þvert á móti taldi hún sig hafa verið að tryggja hagsmunum bankans eins og best var á kosið.

1

Ákærða kvaðst hafa setið í lánanefnd á þessum tíma en ekki átt formlegt sæti í nefndinni. Hún lýsti launakjörum sínum hjá bankanum, meðal annars fjórum kaupréttarsamningum sem hún nýtti sér ekki.

Hún staðfesti undirritun á ákvörðunarblöðum vegna ábyrgðanna sem hér um ræðir. Hún kvað ákvörðunarblöðin hafa verið hluta af vinnulagi í bankanum. Þau voru oft gerð áður en lán voru veitt en það hafi ekki verið algilt. Hún kveðst ekki hafa útbúið ákvörðunarblöðin sem hér um ræðir þótt upphafstafir hennar gefi það til kynna. Hún taldi líklegt að hún hefði beðið annan starfsmann að útbúa blöðin en tók hins vegar fram að hún myndi það ekki. Hún kvaðst hafa þekkt félögin sem um ræðir og vitað um tilgang þeirra en hún hafi rætt við meðákærða Sigurjón um samþykki ábyrgðanna. Fram kom hjá ákærðu að hún mundi ekki hver bar erindið upp við hana en hún kvaðst fyrst hafa verið spurð um þetta á árinu 2013. Allur gangur væri á því hvernig beiðnir bærust bankanum um lán eða ábyrgðir. Hún kvað afgreiðslu mála félaganna sem hér um ræðir hafa fengið sambærilega meðferð og önnur mál innan bankans. Á ákvörðunarblöðum sem hér um ræðir eru félögin sem í ákæru greinir sögð í áhættuflokki 3. Ákærða kvað 12 áhættuflokka hafa verið í kerfinu. Flokkur 1 hafi verið bestur og skýrði hún áhættuflokkunarkerfi bankans sem var í mótun en margar breytur hafi skipt máli við flokkunina. Hún lýsti vinnu innan bankans á grundvelli ákvörðunarblaða. Hún skýrði tilgang millifundasamþykktá, hvernig að þeim var staðið innan bankans og hvernig þær voru bornar upp eftir á, á fundum lánanefndar, allt eins og reglur bankans kveða á

um. Hún kvað samþykki milli funda oft gerð á ákvörðunarblöðum en það hafi ekki verið einhlítt. Ákvörðun gat verið greinargerð starfsmanna og áritun á skýrslu um viðkomandi erindi og skýrði hún það. Hún kvað reglur bankans ekki áskilja að millifundasamþykktir væru gerðar á því formi sem um ræðir í máli þessu, það er með ákvörðunarblöðum, en lokaákvörðunin væri alltaf skrifleg. Hún kvað meðákærða Sigurjón hafa undirritað ábyrgðirnar á fundum lánanefndar í samræmi við reglur bankans. Hún kvað ákærðu hafa haft heimild til að samþykkja ábyrgðarveitingarnar eins og gert var. Hún kvað lánanefndarfund hafa getað veitt lán eða samþykkt ábyrgð án þess að ákvörðunarblað lægi fyrir. Undirritun fundargerðar lánanefndar þýði að fyrir liggi gilt samþykki fyrir ábyrgðinni sem um ræðir, allt eins og reglur bankans kveði á um.

Ákærða staðfesti undirritun sína á báða lánasamningana sem í þessum ákærulið greinir. Samningarnir bera með sér að undirritun hafi átt sér stað 4. júní 2006. Hún kvaðst viss um það að ákærðu hefðu undirritað báða samningana á fundi lánanefndar 5. júlí 2006 og skýrði hún það.

2

Ákærða staðfesti undirritun á lánasamninginn sem í þessum ákærulið greinir. Hún kvaðst ekki vita hvers vegna ekki voru gerð ný ákvörðunarblöð vegna þessarar ábyrgðarveitingar en hún gat sér þess til að þeir sem sýsluðu með þetta mál innan bankans hefðu talið að framlengingarheimildin í fyrri samþykktinni í lánanefnd 12. júlí 2006 hefði tekið yfir þessa ábyrgð auk þess sem horft hefði verið til skjals, dagsett 20. desember 2004, undirritað af bankastjórum bankans, um breytingar á tilkynningum og staðfestingu utanfundarsamþykktar og talið að ekki þyrfti að útbúa ný gögn vegna ábyrgðarinnar sem um ræðir í þessum ákærulið.

Hún kvaðst ekki geta skýrt hvernig ábyrgðaveitingin var skráð í gögnum bankans sem tvær ábyrgðir. Hún telji það mistök sem hún geti ekki skýrt.

Hún kvað ekki hafa orðið breytingu á ábyrgð bankans við ábyrgðarveitinguna sem í þessum ákærulið greinir.

Fyrir liggur að málin voru tekin fyrir á fundi lánanefndar 5. og 12. júlí 2006. Hún kvaðst telja að málin hafi verið tekin fyrir tvisvar sinnum vegna þess að á fyrri fundinum hafi vantað framlengingarheimildina sem var síðan leiðrétt og samþykkt á síðari fundi lánanefndarinnar 12. júlí 2006.

Vitnið Davíð Björnsson var aðstoðarframkvæmdarstjóri fyrirtækjasviðs Landsbanka Íslands á árunum 2006 til 2008. Hann lýsti starfi sínu, meðal annars samskiptum við lántaka og að hann legði mál fyrir lánanefnd, þá hafi hann setið í lánanefnd þar sem hlutverk hans var að taka lánaákvörðanir og undirrita ákvörðunarblöð. Hann staðfesti undirritun sína á ákvörðunarblöð vegna ábyrgðaveitinganna sem í 1. lið ákæru greinir en auk sín hafi ákærðu bæði undirritað blöðin. Hann mundi ekki hver leitaði eftir undirritun hans en kvað þetta hafa verið sitt hlutverk í bankanum og hann hafi líklega undirritað um 10 sambærileg skjöl daglega. Hann kvað ritara lánanefndar hafa greint sér frá því að undirritunin hefði átt sér stað milli funda lánanefndar en slíkar ákvarðanir hafi verið

skriflegar og hann taldi þau ákærðu Sigríði Elínu hafa undirritað skjölin saman. Hann kvað millifundasamþykktir hafa verið algengar. Hann kvað engum manni hjá bankanum hafa dottið það í hug að ábyrgðirnar sem um ræðir í ákæru hafi verið veittar andstætt reglum bankans. Hann vissi ekki hvers vegna ákvörðunarblöðin voru undirrituð eftir lánanefndarfundinn 5. júlí 2006 eins og lýst er í ákærunni. Hann vissi hvert hlutverk félaganna var og lýsti því. Hann kvaðst ekki hafa útbúið skjölin en kvað ritara lánanefndar hafa greint sér frá því að Kristinn Pálmason hefði sent lánanefndinni skjölin og kvaðst vitnið því hafa talið að hann hefði útbúið þau. Davíð vissi ekki hvers vegna mál félaganna sem um ræðir voru tekin fyrir á tveimur lánanefndarfundum eins og fram hefur komið.

Spurður um sakarefnið í 2. lið ákæru kvað Davíð fundargerðir lánanefndar 12. júlí 2006, þar sem samþykkt var ábyrgð allt að 30. júní 2008, dekkja ábyrgðina hvað snerti áhættu og skuldbinda bankann í 2 ár eins og samþykktin bæri með sé. Hann lýsti því að hvað varðar skjalafrágang hafi málið ekki verið „dekkjað“. Fylgja hefði þurft til ábyrgðardeildar bankans minnisblað eða álíka um það að sameina ætti ábyrgðina í eina eins og gert var.

Vitnið Ingimundur Sigurmundsson var forstöðumaður útlánaeftirlits fyrirtækjalána hjá Landsbankanum á árunum 2006 og 2007. Tölvupóstur vitnisins frá 7. febrúar 2007 sem fjallar um tryggingar og fleira, meðal annars tryggingagat miðað við lánareglur, eins og segir í póstinum, var borin undir hann. Hann kvaðst ekki geta tjáð sig um þetta svona löngu síðar. Hann myndi þetta ekki og hefði ekki haft tækifæri til að kynna sér gögnin í mörg ár en pósturinn var sendur í febrúar árið 2007. Hann kvaðst ekki þekkja annað til félaganna sem um ræðir en að þau hefðu haldið utan um kauprétt starfsmanna bankans. Hann kvaðst ekki hafa fylgst með störfum lánanefndar. Hins vegar hafi hlutverk hans verið að fylgjast með málum eftir á og lýsti hann nauðsyn réttar skráningar svo að réttar upplýsingar kæmu fram við tölvukeyrslur.

Vitnið Haukur Þór Haraldsson hóf störf hjá Landsbankanum árið 1985 og síðar hjá Landsbanka Íslands hf. og starfaði þar til síðari hluta árs 2008. Á þeim tíma sem í ákæru greinir var Haukur Þór rekstrarstjóri og hafði með að gera eignamál, öryggismál, greiðslubókhalda, áætlanagerð og reikningsskil. Hann lýsti því að á árunum 1999 hafi verið byrjað að huga að kaupréttarkerfi fyrir bankann og var því komið á árið 2000 en bankinn naut aðstoðar bandaríksks banka JP Morgan við að koma kerfinu á. Alþjóðasvið bankans hafi leitt þessa vinnu undir stjórn Gunnars Þ. Andersen. Fyrstu kaupréttarfélögin sem stofnuð voru til að verja kauprétti voru stofnuð haustið 2000 og lýsti hann því. Markmið skipulagsins sem um ræðir var að bankinn ætti alltaf rétt á því að kaupa hlutabréf í bankanum á umsömdu kaupréttargengi til að forða bankanum frá gengisáhættu sem leiddi af kaupréttarsamningum. Aðspurður kvað hann bankann hafa haft gríðarlegan hag af þessu fyrirkomulagi. Ef kaupréttarsamningarnir voru óvarðir þurfti að gjaldfæra kostnað sem af þeim leiddi í reikningum bankans. Með samningunum um kaupréttinn hafi bankinn átt rétt á því að kaupa hlutabréfin á föstu gengi og greiddi ákveðna fasta þóknun fyrir sem kom fram í ársreikningi bankans. Í upphafi fjármagnaði Landsbankinn kaupréttarfélögin. Ábyrgðirnar sem bankinn veitti félögunum Empennage og Zimham fólu í sér minni áhættu fyrir bankann en ef bankinn hefði lánað beint, eins og gert var framan af, og skýrði hann þetta og greindi frá því að á árinu 2006 hafi verið reiknað út að uppsafnaður ávinningur bankans af þessu fyrirkomulagi hafi verið um 10 milljarðar króna.

Vitnið Bragi Gunnarsson var lögfræðingur í einkabankaþjónustu hjá Landsbanka Íslands á árinu 2006 og 2007 og skýrði störf sín í bankanum. Hann kannaðist við félögin sem hér um ræðir og staðfesti undirritun sína á báða samningana fyrir hönd félaganna en hann hafði fengið umboð frá stjórnnum félaganna til undirritunar. Hann kvað Landsbankann hafa verið að efna launaskuldbindingar gagnvart starfsmönnum sínum og að bankinn hefði gert tryggingarráðstafanir til að geta efnt samningana gangvart starfsmönnum síðar. Þótt hann hafi verið í einhverjum samskiptum við starfsmenn Kaupþings vegna þessa þá mundi hann það ekki frekar. Bragi gat ekkert borið um ákvörðunarblöðin sem um ræðir vegna þessara mála og vissi ekki hvort þessi mál færu fyrir lánanefnd bankans.

Bragi staðfesti undirritun sína á samningin sem í 2. lið ákæru greinir. Hann kvað allt hið sama eiga við um aðkomu sína og vitneskju um þann samning og um samningana samkvæmt 1. lið ákæru og rakið var.

Vitnið Kristinn Pálmason var greinandi hjá útibúi Landsbanka Íslands í London á árunum 2006 og 2007. Hann var spurður um tölvupóst frá 7. júlí 2006 er vitnið sendi Júlíusi Þ. Gunnarssyni, ákvörðunarblöð um ábyrgðir vegna félaganna Empennage og Zimham. Hann kvaðst ekki muna eftir þessu eða því að hafa útbúið ákvörðunarblöð vegna félaganna og taldi ólíklegt að hann hefði unnið slíkt skjal fyrir ákærðu Sigríði Elínu.

Vitnið Tryggvi Jónsson starfaði við útlánaeftirlit Landsbankans frá desember 2007 til desember 2008. Hann lýsti því hvað fólst í starfi hans hjá bankanum. Hann skýrði tölvupóst sem hann sendi starfsmönnum í bankanum 12. september 2008 og varðaði félagið Empennage og skráningu þess hjá bankanum. Hann skýrði afdrif þessa erindis innan bankans.

Vitnið Hreiðar Már Sigurðsson var forstjóri Kaupþings banka á þeim tíma sem í ákæru greinir. Hann kvað ákærða Sigurjón hafa leitað til sín vegna lánveitinga Kaupþings banka til Empennage og Zimham. Hann mundi ekki nákvæmlega hvernig málið var en Sigurjón hefði verið eini starfsmaður Landsbankans sem var í sambandi við vitnið vegna þessa. Hreiðar Már kvaðst telja að hann hefði falið útlánasviði bankans að annast málið en Bjarki Diego var framkvæmdastjóri þess. Ástæða þess að farið var fram á sjálfskuldarábyrgð Landsbankans hafi verið sú að við lánveitingar hafi verið óskað eftir þeim tryggingum sem unnt var að veita og ábyrgð Landsbankans hefði bætt tryggingarstöðu Kaupþings.

Vitnið Rúnar Magni Jónsson var viðskiptastjóri hjá Kaupþingi banka á árunum 2006 og 2007. Hann kvaðst hafa verið viðskiptastjóri félaganna Empennage og Zimham og kannaðist við lánveitinguna sem í 1. lið ákæru greinir. Hann gat ekki borið um það hvernig það kom til að Landsbankinn tókst á hendur ábyrgð samkvæmt samningunum sem hér um ræðir. Hann hafi hins vegar fengið upplýsingar um þetta hjá yfirmönnum sínum í bankanum og málinu hafi því verið stillt svona upp er það var tekið fyrir á lánanefndarfundi Kaupþings banka 29. júní 2006. Rúnar Magni kvaðst ekki hafa verið í neinum samskiptum við bankastjóra Landsbankans vegna þessa.

Vitnið staðfesti samninginn sem í 2. lið ákæru greinir og tilgang hans. Hann vissi ekki hvernig þetta kom til en það hafi hugsanlega verið til einföldunar að hans sögn. Rúnar Magni kvaðst hafa verið í samskiptum við Braga og Kristján Gunnar hjá Landsbankanum vegna frágangs málsins og hafi þeir komið fram fyrirhönd félaganna.

Vitnið Bjarki H. Diego var framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Kaupþings banka á árinu 2006 fram á mitt ár 2007. Bjarki kannaðist við lánasamningana sem hér um ræðir. Hann mundi ekki aðkomu sína að gerð þeirra þótt hann hefði undirritað þá báða en hann taldi samningana hafa verið unna hjá hans sviði í bankanum. Hann skýrði hvernig þessi lánamál hefðu verið afgreidd innan Kaupþings banka. Hann vissi ekki hvers vegna krafist var sjálfskuldarábyrgðar Landsbankans.

Í gögnum málsins frá Kaupþingi kemur fram að félögin Empennage og Zimham séu á athugunarlista. Bjarki skýrði hvers vegna svo hafi verið en það hafi tengst lánshæfismatskerfi innan bankans. Hann skýrði þetta og kvað félög á athugunarlista ekki þýða að aukin áhætta tengdist félögunum.

Bjarki mundi ekki hvort hann hefði komið að lánveitingunni sem í 2. lið ákæru greinir. Hann kvaðst ekki muna eftir því að hafa setið fund fyrirtækjasviðs Kaupþings banka þar sem þess var óskað að Empennage yfirtæki lán Zimham að fjárhæð 4,3 milljarðar króna og handveðsett hlutabréfbréf til tryggingar á láni Zimham væru losuð en þessi tillaga var samþykkt. Hann kvað hafa verið horft í gegnum félögin og litið til trygginga sem voru hlutabréfin í Landsbankanum og sjálfskuldarábyrgð Landsbankans. Það hafi því ekki skipt máli út frá áhættu hvort félögin sem skulduðu sömu fjárhæð væru eitt eða tvö.

Niðurstaða

1

Ákærðu, sem bæði neita sök, eru gefin að sök umboðssvik með því að hafa í störfum sínum fyrir Landsbanka Íslands, ákærði Sigurjón Þorvaldur sem bankastjóri og ákærða Sigríður Elín sem framkvæmdarstjóri fyrirtækjasviðs, bæði meðlimir í lánanefnd bankans, misnotað aðstöðu sína og stefnt fé bankans í verulega hættu með því að fara út fyrir heimildir til veitinga ábyrgða er þau í sameiningu samþykktu og undirrituðu fyrir hönd Landsbankans sjálfskuldarábyrgðirnar sem í ákæru greinir.

Ákærðu höfðu bæði, stöðu sinnar vegna hjá Landsbankanum, heimild til að skuldbinda bankann eins og þau gerðu er þau samþykktu og undirrituðu fyrir hönd Landsbankans sjálfskuldarábyrgðirnar sem í báðum köflum ákæru greinir. Samþykki þeirra á sjálfskuldarábyrgðunum tengdist efndum bankans á kauprétti starfsmanna eins og lýst er í ákærinni en ekki er um það deilt að því fyrirkomulagi var komið á fót á árinu 2000. Að sögn beggja ákærðu byggðist vinna þeirra varðandi kauprétt starfsmanna á þeim grunni.

Ákærðu hafa bæði neitað því að hafa misnotað aðstöðu sína og að hafa farið út fyrir heimildir til veitingar ábyrgða eins og þeim er gefið að sök.

Í ákæru segir að veiting sjálfskuldarábyrgðanna samkvæmt báðum köflum ákæru hafi brotið í bága við lánareglur Landsbankans (hér á eftir nefndar útlánareglur) frá árinu 2003 og almennar útlána- og áhættureglur bankaráðs Landsbankans frá árinu 2005. Því er ekki lýst í meginmáli ákæru hvaða greinar reglnanna ákærðu er gefið að sök að hafa brotið með veitingu ábyrgðanna. Hins vegar er því lýst í röksemdarkafla ákærunnar að byggt sé á því að ákærðu hafi brotið gegn eftirtöldum greinum útlánareglna: 2.6 og 3.4 um ábyrgðir og tryggingartöku, 4.1.6 um ákvörðunarblöð, 4.8 um lánanefnd og 4.8.2.1 þar sem kveðið er á um nánari útfærslu á samþykki lánanefndar. Þá eru ákærðu talin hafa brotið gegn 2. gr. almennra útlána- og áhættureglna bankaráðs Landsbankans.

Í 2. gr. almennra útlána- og áhættureglna bankaráðs Landsbankans segir að bankastjórn skuli setja ítarlegar útlánareglur um framkvæmd lánveitinga og ábyrgða. Síðan segir m.a. í 2. gr. reglnanna sem hér um ræðir: „Almennt skulu öll útlán bankans vera vel tryggð annað hvort með formlegum tryggingum eða haldi á greiðsluflæði“. Fyrir liggur að bankastjórnin setti útlánareglur eins kveðið er á um að ofan. Hér að neðan verður vikið að því hvort ákærðu hafi misnotað aðstöðu sína með samþykki sjálfskuldarábyrgðanna með hliðsjón af útlánareglum bankans. Í hinni tilvitnuðu grein er lýst stefnu bankaráðs. Tilvitnaður hluti greinarinnar er svo almennt orðaður að ákærðu verða ekki án umfjöllunar um lánareglurnar talin hafa brotið gegn 2. gr. almennra útlána- og áhættureglna bankaráðs Landsbankans.

Í grein 2.6 í útlánareglunum segir að ákvörðun um ábyrgðir skuli meðhöndla eins og um lánaákvörðun sé að ræða og að ábyrgðir skuli að jafnaði vera til tiltekins tíma og veittar með öruggum tryggingum. Sambærilegt ákvæði er í grein 3.4 um tryggingar vegna lánveitinga.

Þá segir í röksemdarkafla ákærunnar að ábyrgðir samkvæmt 1. lið ákæru hafi verið veittar án utanaðkomandi trygginga. Loks er vísað til greinar 1.6 í útlánareglunum þar sem er mælt er fyrir um mat á félögum vegna lánveitinga.

Ákærðu hafa bæði borið fyrir dómi og hjá lögreglu að útlánareglur bankans eigi ekki við um ákvarðanir lánanefndar bankans. Um þetta vísast til framburðar þeirra og vitnisburðar Davíðs Björnssonar sem bar að engum manni innan bankans hefði dottið það í hug að ábyrgðirnar sem hér um ræðir hefðu verið veittar andstætt reglum bankans.

Í grein 1.1 í útlánareglum bankans er svofellt ákvæði: „Útlánareglum þessum er ætlað að taka til almennra lánveitinga Landsbanka Ísland hf. Ef um er að ræða ákvarðanir um lánveitingu sem fellur ekki innan þessara reglna þarf skriflega ákvörðun frá lánanefnd eða viðkomandi fagsviði, þ.e. Fyrirtækjasviði og útlánaþjónustu Einstaklings- og markaðssviðs. Sama á við ef vafi leikur á um hvort útlánaveiting falli undir ákvæði þessara reglna.“

Í grein 4.8 í útlánareglunum segir meðal annars : „Lánanefnd tekur ákvarðanir um lánveitingar sem eru umfram útlánaheimildir annarra eða umfram þær viðmiðanir sem tilgreinar eru í útlánareglum.“ Síðan segir: „Óvenjulegar

og/eða sérlega áhættusamar lánveitingar, óháðar fjárhæð skulu ávallt lagðar fyrir Lánanefnd.“

Í grein 4.8.2 í útlánareglunum er fjallað um samþykki lánanefndar. Þar segir: „Gild samþykkt Lánanefndar er árituð af báðum bankastjórum. Ef einungis annar bankastjórinn situr fund Lánanefndarinnar er gild samþykkt árituð af bankastjóra og tveimur framkvæmastjórum. Ígildi samþykktar Lánanefndar (samþykkt á milli funda) er lánasamþykkt árituð af báðum bankastjórum. Ef annar bankastjórinn er fjarverandi er gild samþykkt árituð af bankastjóra og tveimur framkvæmdastjórum.“

Bankastjórar Landsbankans voru tveir og mynduðu þeir lánanefnd. Fyrir liggur í máli þessu að ábyrgðirnar sem í 1. lið ákæru greinir voru undirritaðar af þar til bærum aðilum, ákærða Sigurjóni Þorvaldi, sem var annar bankastjóra, ákærðu Sigríði Elínu sem var framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs bankans og Davíð Björnssyni aðstoðarframkvæmdastjóra, allt í samræmi við grein 4.8.2 í útlánareglunum og voru því gildar ákvarðanir samkvæmt reglum bankans.

Greinar 1.1 og 4.8 í útlánareglunum verða ekki skýrðar öðruvísi en svo að lánanefnd bankans hafi haft heimild til að víkja frá viðmiðunum sem vísað er til að ofan. Ákærðu báru bæði um þetta og þennan skilning á reglunum og að framkvæmdin hefði verið þessi. Fær það stoð í vitnisburði Davíðs Björnssonar. Engin gögn eða vitnisburður liggur fyrir um annan skilning á reglunum. Sú leið er ekki fær að byggja sakfellingu á því að skýra útlánareglur bankans þannig að þær hefði átt að framkvæma og skýra á annan hátt en tíðkaðist innan bankans.

Með framburði ákærðu, vitnisburði Davíðs Björnssonar og öðrum gögnum málsins er sannað að ákvörðunarblöð voru staðfest eins og lýst er í ákærinni. Ekki verður ráðið af útlánareglum bankans hvenær árita eigi að ákvörðunarblöð. Fyrir liggur ákvörðun lánanefndar eins og rakið var og verða ákærðu ekki talin hafa gerst brotleg við útlánareglur, grein 4.1.6, þótt staðfesting á ákvörðunarblöðum hafi verið á þeim tíma sem í ákæru greinir.

Sannað er með framburði ákærðu og öðrum gögnum málsins að ábyrgðarveitingarnar voru samþykktar milli funda lánanefndar eins og í ákæru greinir. Í röksemdakafli ákæru er á því byggt að með þessu hefðu ákærðu gerst brotleg við 7. lið greinar 4.8.2.1 í útlánareglum bankans. Greinin hljóðar svo „Meiriháttar útlánaákvæðanir skulu almennt ekki samþykktar á milli funda Lánanefndar.“ Þessi grein reglnanna er mjög matskennd. Ákærðu hafa bæði borið að þau hafi ekki talið ákvæðanirnar sem hér um ræðir meiriháttar í skilningi þessa ákvæðis útlánareglana enda hafi áhættustaða bankans verið bætt eins og bæði báru um. Það var í verkahring ákærðu að meta þetta. Dómurinn getur ekki hnekk þessu mati þeirra og talið þar með að þau hafi brotið gegn ofangreindri reglu með samþykki sínu milli funda lánanefndar. Auk þess að vísa til framburðar ákærðu um þetta er vísað til vitnisburðar Davíðs Björnssonar og til fyrirliggjandi gagna um millifundaákvæðanir sem voru u.þ.b. helmingur ákvæðana lánanefndar á þeim tíma sem hér um ræðir.

Er því gegn neitun ákærðu ósannað að þau hafi gerst brotleg við reglu 4.8.2.1 í útlánareglum bankans.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið er ósannað að ákærðu hafi með veitingu ábyrgðanna sem hér um ræðir misnotað aðstöðu sína með því að fara út fyrir heimildir til veitingar ábyrgða. Ákærðu hafa þannig ekki brotið reglur bankans sem ákæran byggir á.

Ákærðu hafa frá upphafi borið að þau hafi bætt áhættustöðu bankans með því að færa ný lán sem tengdust kauprétti starfsmanna út úr bankanum, eins og gert var með ábyrgðarveitingunum sem um ræðir. Er í þessu sambandi einnig vísað til vitnisburðar Hauks Þórs Haraldssonar. Þá hefur ákærði Sigurjón lagt fram útreikninga sem hann telur sýna bættu áhættustöðu bankans vegna þessa breytta fyrirkomulags sem hann kom á og hann skýrði fyrir dóminum og að áhættustaða bankans hefði minnkað við ábyrgðaveitingarnar samkvæmt ákærulið 1.

Ákæruvaldið hefur ekki lagt fram gögn eða útreikninga sem sýna verri áhættustöðu Landsbankans eftir ábyrgðaveitingarnar sem um ræðir. Dómkvaddir matsmenn voru ekki fengnir til að meta fjártjónshættu og bera saman stöðu bankans fyrir og eftir ábyrgðaveitingar og þá hvort ákærðu hafi stefnt fé bankans í verulega hættu eins og lýst er í ákærinni.

Með vísan til alls ofanritaðs er, gegn eindreginni neitun ákærðu sem styðst við vitnisburð Hauks Þórs Haraldssonar og önnur gögn málsins, ósannað, að ákærðu hafi með ábyrgðarveitingunum samkvæmt ákærulið 1 stefnt fé bankans í verulega hættu eins og lýst er í ákærinni.

Tvö af skilyrðum umboðssvika samkvæmt 249. gr. almennra hegningarlaga er að misnotkun á aðstöðu hafi átt sér stað og auðgunarásetningur. Samkvæmt öllu ofanrituðu er hvorugu skilyrði umboðssvika fullnægt og ber því að sýkna ákærðu af þessum lið ákærunnar.

2

Ákærðu hafa bæði borið að þau hafi samþykkt ábyrgðarveitinguna sem hér um ræðir en þau hafi litið svo á að hún hafi í raun verið hin sama og veitt var vegna lánanna sem í 1. lið greinir og því um að ræða framlengingu á sömu ábyrgð. Bæði báru að áhættustaða bankans hefði ekki breyst til hins verra, þvert á móti hafi hún batnað. Eins og rakið hefur verið voru ábyrgðirnar samkvæmt ákærulið 1 teknar fyrir á tveimur fundum lánanefndar bankans, fyrst 7. júlí 2006 er samþykkt var að ábyrgð bankans gildi til eins árs í senn. Síðari afgreiðsla lánanefndar var 12. júlí 2006 er samþykkt var að ábyrgð vegna sömu lána gildi: „Allt að 30.6.08“. Vísa ákærðu til þessa til stuðnings skilningi sínum á því að í raun væri um sömu ábyrgð að ræða.

Í öllum lánasamningum sem í ákæru greinir segir: „Sjálfskuldarábyrgðin gildir að öllu leyti óbreytt, þótt greiðslufrestir verði veittir með skuldbreytingum eða öðrum hætti á ofangreindum lánasamningi, uns hann er að fullu greiddur.“ Fyrir liggur að lánasamningur Zimham var að fullu greiddur með ráðstöfunum sem hér um ræðir. Gerður var nýr lánasamningur vegna láns Empennage þannig að lántakinn verð einn í stað tveggja áður og samþykktu ákærðu ábyrgðina. Ákærðu hafa bæði borið að þau hafi verið í góðri trú er þau undirrituðu ábyrgðina sem hér um ræðir. Þegar litið er til aðdraganda ábyrgðaveitingarinnar, samþykkis

lánanefndar 12. júlí 2006 um að ábyrgðin gildi allt til 30. júní 2008 og með hliðsjón af ákvæði í skuldabréfunum sem rakið var að ofan og þeirrar afstöðu ákærðu að þau hafi bætt áhættustöðu bankans, telur dómurinn að ákærðu hafi bæði verið í góðri trú um að ekki þyrfti að bera málið upp í lánanefnd er þau samþykktu sjálfskuldarábyrgðina samkvæmt þessum ákærulið. Ábyrgðaveiting þessi var ný og hefði átt að bera hana undir lánanefnd, sbr. grein 4.8 í útlánareglum bankans. Ásetningur er saknæmisskilyrði samkvæmt 249. gr. almennra hegningarlaga. Þegar allt ofanritað er virt er það mat dómsins að ekki sé uppfyllt saknæmisskilyrði 249. gr. almennra hegningarlaga að því er varðar misnotkun á aðstöðu. Verða ákærðu því ekki talin hafa haft ásetning til þess að misnota aðstöðu sína enda hefur ekkert annað komið fram en að ákærðu hafi aðeins haft hag bankans að leiðarljósi við ábyrgðarveitinguna.

Um fjártjónshættu og að ákærðu hafi stefnt fjármunum bankans í verulega hættu er vísað til sömu sjónarmiða sem rakin voru í ákærulið 1. Því til viðbótar er vísað til framburðar ákærða Sigurjóns sem hann hefur stutt eigin útreikningum um áhættustöðu bankans og til vitnisburðar Hauks Þórs Haraldssonar. Á sama hátt og lýst var í ákærulið 1 hefur ákærvaldið ekki aflað fullnægjandi sönnunargagna um fjártjónshættu. Með vísan til þessa og jafnframt til sömu raka og rakin voru í ákærulið 1 er ósannað, gegn eindreginni neitun ákærðu, að þau hafi með veitingu þessarar sjálfskuldarábyrgðar stefnt fjármunum bankans í verulega hættu.

Tvö af skilyrðum umboðssvika samkvæmt 249. gr. almennra hegningarlaga eru að misnotkun á aðstöðu og auðgunarásetningur hafi átt sér stað. Samkvæmt öllu ofanrituðu er hvorugu skilyrði umboðssvika fullnægt og ber því að sýkna ákærðu af þessum lið ákærunnar.

Í niðurlagi ákæru er fjallað um innheimtuviðvörðun Kaupþings til Empennage Inc. og kröfu Kaupþings í bú Landsbankans. Ekki þykja efni til að fjalla um þetta hér.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði þar með talin 18.119.062 króna málsvarnarlaun Sigurðar G. Guðjónssonar hæstaréttarlögmans, verjanda ákærða Sigurjóns Þorvaldar, og 5.982.585 króna málsvarnarlaun Helgu Melkorku Óttarsdóttur hæstaréttarlögmans, verjanda ákærðu Sigríðar Elínar. Þóknun verjanda er fyrir vinnu þeirra undir rannsókn málsins og dómsmeðferð. Tekið hefur verið tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun þóknunar verjanda.

Ásmunda Björk Baldursdóttir aðstoðarsaksóknari flutti málið fyrir ákærvaldið.

Dóminn kveða upp héraðsdómararnir Guðjón St. Marteinsson, sem dómsformaður, og Halldór Björnsson og Ásgeir Brynjar Torfason lektor í viðskiptafræði.

Dómsorð:

Ákærðu, Sigurjón Þorvaldur Árnason, og Sigríður Elín Sigfúsdóttir, eru sýknuð af kröfum ákærvaldsins.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði þar með talin 18.119.062 króna málsvarnarlaun Sigurðar G. Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, verjanda ákærða Sigurjóns Þorvaldar, og 5.982.585 króna málsvarnarlaun Helgu Melkorku Óttarsdóttur hæstaréttarlögmanns, verjanda ákærðu Sigríðar Elínar.

Guðjón St. Marteinson

Halldór Björnsson

Ásgeir Brynjar Torfason